

GJALDSKRÁ

um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeýðingargjald) í Skaftárhreppi og er það innheimt með fasteignagjöldum, samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Til lögbýla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður í atvinnuskyni.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Frístundahús eru sumarbústaðir og fasteignir aðrar sem notaðar eru í sambærilegum tilgangi.

3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

a. Íbúðir	kr. 12.000
b. Lögbýli	
Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:	
Flokkur b1	kr. 9.000
Flokkur b2	kr. 18.000
c. Fyrirtæki	
Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:	
Flokkur c1	kr. 12.000
Flokkur c2	kr. 36.000
Flokkur c3	kr. 72.000
Flokkur c4	kr. 144.000
d. Frístundahús, sorpeýðingargjald	kr. 3.000

Sveitarstjórn skipar lögbýlum og fyrirtækjum í flokka samkvæmt b og c. Við flokkun er miðað við umfang starfsemi og áætlað magn úrgangs. Sorphirða fer ekki fram á vegum sveitarfélagsins við frístundahús.

4. gr.

Eigendur lögbýla og fyrirtækja geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt c og d lið 3. greinar og skal beiðni þar um vera skrifleg. Sveitarstjórn er heimilt að endurákarða flokkun ef ástæða þykir til.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps, samkvæmt 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Kirkjubæjarklaustri, 7. apríl 2004.

F.h. sveitarstjórnar,

Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri.